



Reykjavík, 13. ágúst 2024

Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar

**Útboð nr. 16034 – Vetrarþjónusta gatna í Reykjavík 2024-2025 - Stofnleiðir**

Þann 29. júlí síðastliðinn voru opnuð tilboð í EES útboð nr. 16034 „Vetrarþjónusta gatna í Reykjavík 2024-2025 - Stofnleiðir“. Alls bárust tilboð frá fjórum aðilum.

**Útboðshluti 1. Viðverutæki í vetrarþjónustu – 8 bílar**

Grafa og grjót ehf.	kr.41.650.000,-
Malbikunarstöðin Höfði ehf.	kr.35.300.000,-
Íslenska gámafélagið ehf.	kr.42.400.000,-

**Útboðshluti 2. Tæki á útkallslista í vetrarþjónustu**

Grafa og grjót ehf.	kr.5.900.000,-
Malbikunarstöðin Höfði ehf.	kr.4.400.000,-
Íslenska gámafélagið ehf.	kr.8.000.000,-
Garðþjónusta Sigurjóns	kr.1.860.000,-

**Útboðshluti 1. Viðverutæki í vetrarþjónustu.**

Útboðshluti 1 óskar eftir tilboðum í svokölluð viðverutæki sem alltaf skulu vera til taks með að hámarki 30 mínútna útkallstíma, en samtals var óskað eftir 8 slíkum tækjum í þessu útboði og á tilboðsverð við um eitt mannað viðverutæki með búnaði yfir tímabil sem spannar vikur 46-13 á árunum 2024-2025. Kostnaðaráætlun vegna útboðshluta 1 var kr.42.000.000,- fyrir hvert viðverutæki í einn vetur og því hljóðar heildar kostnaðaráætlun fyrir útboðshluta 1 upp á kr.336.000.000,-.

Malbikunarstöðin Höfði ehf. var lægstbjóðandi og bauð fjóra bíla í viðveru. Skoðun og yfirferð gagna sýndu fram á að varabíll uppfyllti ekki tæknilegt hæfi og því ekki mögulegt að taka tilboði í nema þrjá bíla á kr.35.300.000- stk. (84,05% af kostnaðaráætlun). Lægstbjóðandi stóðst skoðun á fjárhag.

Grafa og grjót ehf. átti næst lægsta tilboð og bauð tvo bíla í viðveru. Skoðun og yfirferð gagna staðfestu að Grafa og Grjót ehf. stenst kröfur útboðsgagna og er því lagt til að tilboði verði tekið í tvo bíla á kr.41.650.000- stk. (99,17% af kostnaðaráætlun). Grafa og grjót ehf. stóðst skoðun á fjárhag.

Íslenska gámafélagið ehf. átti hæsta tilboð og bauð fjóra bíla í viðveru. Skoðun og yfirferð gagna staðfestu að Íslenska gámafélagið ehf. stenst kröfur útboðsgagna og er því lagt til að tilboði verði tekið í þrjá bíla á kr.42.400.000- stk. (100,95% af kostnaðaráætlun). Íslenska gámafélagið ehf. stóðst skoðun á fjárhag.



Heildarkostnaður samþykktra tilboða á hvern bjóðanda í útboðshluta 1 er sem hér segir:

- Malbikunarstöðin Höfði
  - o 3 tæki á kr.35.300.000,- hvert tæki.
  - o Samtals tilboð: kr.105.900.000,-
- Grafa og Grjót
  - o 2 tæki á kr.41.650.000,- hvert tæki.
  - o Samtals tilboð: kr.83.300.000,-
- Íslenska Gámafélagið
  - o 3 tæki á kr.42.400.000,- hvert tæki.
  - o Samtals tilboð: kr.127.200.000,-

Heildarkostnaður vegna samþykktra tilboða í útboðshluta er er þá samanlagt kr.316.400.000,- (94,17% af heildar kostnaðaráætlun vegna útboðshluta 1).

### Útboðshluti 2. Tæki á útkallslista í vetrarþjónustu

Útboðshluti 2 óskar eftir öðrum tækjum til vetrarþjónustu án viðveru eða annarra skuldbindinga.

Bjóðandi býður einingaverð og viðeigandi tæki samkvæmt útboðslýsingu. Lægstbjóðandi er efstur á lista í útkalli. Þannig er bjóðendum raðað upp í lista, frá lægstbjóðanda til hæstbjóðanda. Þessi tæki eru kölluð út þegar viðverutæki anna ekki aðstæðum samkvæmt þjónustuviðmiðum kaupanda.

Kostnaðaráætlun fyrir útboðshluta 2 var kr.7.000.000,- og var miðað við 100klst í útseldri vinnu.

Garðþjónusta Sigurjóns ehf. var lægstbjóðandi og hljóðaði tilboð þeirra upp á kr.1.860.000,- fyrir 100klst í útseldri vinnu. Skoðun og yfirferð gagna staðfestu að lægstbjóðandi stenst kröfur útboðsgagna. Lægstbjóðandi stóðst einnig skoðun á fjárhag.

Lagt er til að samið verði við lægstbjóðanda, enda í samræmi við skilmála útboðsgagna.

Malbikunarstöðin Höfði ehf. átti næst lægsta tilboð og hljóðaði tilboð þeirra upp á kr.4.400.000,- fyrir 100klst í útseldri vinnu. Skoðun og yfirferð gagna staðfestu að Malbikunarstöðin Höfði ehf. stenst kröfur útboðsgagna. Malbikunarstöðin Höfði ehf. stóðst einnig skoðun á fjárhag.

Lagt er til að samið verði við Malbikunarstöðina Höfða ehf., enda í samræmi við skilmála útboðsgagna.

Grafa og grjót ehf. átti þriðja lægsta tilboð og hljóðaði tilboð þeirra upp á kr.5.900.000,- fyrir 100klst í útseldri vinnu. Skoðun og yfirferð gagna staðfestu að Grafa og grjót ehf. stenst kröfur útboðsgagna. Grafa og grjót ehf. stóðst einnig skoðun á fjárhag.

Lagt er til að samið verði við Grafa og grjót ehf., enda í samræmi við skilmála útboðsgagna.

Íslenska gámafélagið ehf. átti hæsta tilboð og hljóðaði tilboð þeirra upp á kr.8.000.000,- fyrir 100klst í útseldri vinnu. Skoðun og yfirferð gagna staðfestu að Íslenska gámafélagið ehf. stenst kröfur útboðsgagna. Íslenska gámafélagið ehf. stóðst einnig skoðun á fjárhag.

Lagt er til að samið verði við Íslenska gámafélagið ehf., enda í samræmi við skilmála útboðsgagna.

Virðingarfyllst,

F.h. skrifstofustjóra skrifstofu borgarlandsins  
Björn Ingvarsson

Hjálagt: Fundargerð opunar



Árið 2024, þann 29. júlí kl. 10:00 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í EES útboði umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar nr. 16034 „Vetrarþjónusta gatna í Reykjavík 2024-2025. Stofnleiðir. Samkeppnisútboð”.  
Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Unnur Óskarsdóttir.

Tilboð bárust frá eftirtöldum aðilum:

- 1 Grafa og grjót ehf.
- 2 Íslenska gámafélagið ehf.
- 3 Malbikunarstöðin Höfði hf.
- 4 Garðarþjónusta Sigurjóns ehf.

Fleiri tilboð bárust ekki.  
Opnun tilboða lokið kl. 10:10